

# Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

DESEMBER 2015



12. tbl. 18. árg.

**24**  
Hagkaup

**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
á Eiðistorgi



Hér má sjá hugmyndir um framtíðarbyggð við Keilugranda 1 í Vesturbænum. Þar er gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðabyggð fyrir fólk á öllum aldri. Bæði Búseti og Félagsbústaðir munu koma að uppbyggingunni auk þess sem KR kemur að samstarfi um lýðheilsusvæði á reitnum. Gert er ráð fyrir að íbúðir verði afhentar 2018.

Mynd: Kanon arkitektar.

**PANTAÐU Á DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

**græn heilsa**  
heilsuverslun

**lifestream**  
hreinn lífræn næring

Ægisíða 121 /grænheilsa

**Siginn fiskur**  
í hádeginu alla  
fimmtudaga

**Sægreifinn**

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500

**Happa merkimiði!**

Merktu pakkann með Jólahappaprennu eða gefðu hana sem aukagjöf!

**HAPPA PRENNAN**  
Skemmtilegt að skafa!

**Slökkvitækja-þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki  
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

**Góð þjónusta – Hagstætt verð**

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18:30  
Laugardaga: kl. 10-16

**Reykjavíkur Apótek**

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**Ljómandi jóladagskrá**

Lifandi tónlist alla laugardaga á aðventunni.

Gjafakort Hörpu er gjöf sem gleður og gildir á alla viðburði í Hörpu.

**www.harpa.is**

**Pegar líða fer að jólum**

**Hátíðarmatur**  
Úrval af villibráð

**Melabúðin**  
Þín verslun

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Hreindýrakjöt, villigæsir, krónhjartarkjöt, confit, elgskjöt, fasanar, dádýrakjöt, aliendur, hérakjöt, aligæsir, Hólsfjalla, Húsavíkur, KEA og SS hangikjöt, kalkúnar, tvíreykt sauðahangikjöt, sænsk jólaskinka, Ali hamborgarhryggir, Labeyrie andabringur, íslenskar nautalundir, carpaccio, Hornafjarðarhumar o.fl.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum.





# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

12. tbl. 18. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107 og 101.

## Vesturbærinn er fyrirmynd

Vesturbærinn er að sumu leyti fyrirmynd af því hvernig borgarbúar vilja hafa hverfin sín. Ég hef farið á hundruð funda með íbúum út um alla borg og á flestum fundanna hefur einhver sagt: „Við þurfum svona Melabúð í okkar hverfi“ og á undanförnum árum hefur það farið mjög vaxandi að menn bæti við: „og gott kaffihús“. Vesturbærinn hefur hvort tveggja. Og það er engin tilviljun,“ segir Gísli Marteinn Baldursson í spjalli við Vesturbæjarblaðið.

Þarna má segja að Gísli Marteinn hitti naglann á höfuðið. Aðfluttur hefur hann kosið að búa í Vesturbænum nánar tiltekið á Melunum. Hann hefur samanburð og reynslu af búsetu sinni þar. Engin nýmæli eru að Melarnir og Hagarnir eru eftirsóttustu hverfi Reykjavíkurborgar. Þar fer saman gott skipulag og hönnun og mikil framtíðarsýn hefur ríkt þegar þessar byggðir urðu til. Byggðin er þétt án þess þó að þéttleikinn skapi nokkurn vanda. Umferð um hverfin er greið og almenningsrými eru til staðar. Spyrja má að því af hverju skipulag Melanna og Haganna var ekki notað þegar önnur búsvæði risu í hinni dreifðu borg.

Vandi Mela, Haga og raunar Vesturbæjarins alls eru stórar umferðargötur sem skera byggðina. Þar fer Hringbrautin fremst í flokki. Gata sem á sínum tíma var hönnuð til þess að ná utan um Reykjavík áður en byggðin vestan hennar kom til. Þá Suðurgatan vestan Hringbrautar og síðast Hofsvallagatan. Í viðtalinu við Gísla Marteinn kemur fram að umdeildar breytingar á Hofsvallagötu fyrir tveimur árum hafi skilað árangri og ekki skapað þann umferðarvanda sem spáð var. Starfsmenn Reykjavíkurborgar hafi vaktað götuna og gatnamótin við Hringbraut til þess að kanna hvort biðraðir myndu myndast sem varð ekki. Vandinn við fyrrnefndar götur er ekki umferðin sjálf heldur fyrst og fermst hraði hennar. Með því að draga úr umferðarhraðanum skapast ákveðið næði, dregur úr hættu til dæmis fyrir börn, mengun minnkar og hverfin verða enn byggilegri.

Eitt af því sem einkenndi Mela og Haga var þjónustustarfsemi. Eins og víðar hvarf hluti hennar á brott en enginn vafi er á að fólk vill fá hana til baka. „Við viljum fá Melabúð“ segir fólk í öðrum hverfum og horfir til Vesturbæjarins. Allar aðstæður eiga að vera fyrir hendi að ákveðin miðbæjarstemning geti skapast á Melunum í Vesturbænum. Tvö kaffihús hafa risið upp og það þriðja mun vera í undirbúningi. Verslunarhúsnæði er við Hagamelinn á horninu við Kaplaskjólsvæg. Allt þetta er í góðu göngufæri við flest heimili á Melunum og jafnvel Högunum. Ef í þessu felst ekki fyrirmynd þess hvernig fólk vill hafa hverfin sín er erfitt að finna hvar aðrar fyrirmyndir er að finna.



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

**Sævar**

**Bíla- og bátarafmagn**

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

# S T U T T A R B O R G A R F R É T T I R



## Sjö þúsund íbúðir

Sjö þúsund íbúðir samþykktar í deiliskipulagi eða í skipulagsferli í Reykjavík.

3.500 nýjar íbúðir eru samþykktar í deiliskipulagi, 3.500 nýjar íbúðir eru í skipulagsferli og 4 til 5.000 nýjar íbúðir á þróunar- og framtíðarsvæðum þar á meðal um 500 íbúðir í Breiðholti. Þetta kom fram í erindi Dags B. Eggertssonar borgarstjóra á málþingi um framtíðaruppbyggingu í Reykjavík fyrir nokkru.

## Mikilvæg skref gegn ofbeldi

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið. Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum. Polendum er veitt betri þjónusta en áður og gerendur eru hvattir til að sækja meðferð. Þá hefur vinna lögreglunnar á vettvangi verið bætt. Mikilvægur hluti verkefnisins er að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en barnavernd fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið.



## Ætlar að spara 5% í rekstri

Skorið verður niður um 1,78 milljarð króna hjá Reykjavíkurborg á næsta ári samkvæmt samþykkt Borgarráðs. Stefnið borgin að því að spara um 5% í rekstri. Mesti niðurskurðurinn verður hjá Skóla- og frístundasviði, eða um tæpar 670 milljónir króna. Skorið verður niður um 412 milljónir á Velferðarsviði. Í Ráðhúsinu og miðlægre stjórnsýslu verður skorið niður um 325 milljónir. 172 milljónir hjá Umhverfis og skipulagssviði, 127 milljónir hjá Íþrótt- og tómstundasviði og um 72 milljónir hjá Menningar- og ferðamálasviði.



## Gamli Hæstiréttur fái að standa

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, hefur sent Stefáni Thors, nýráðnum húsameistara ríkisins, bréf um uppbyggingu á stjórnarráðsreit. Í því er lýst vilja borgarinnar um að þrjú gömul hús fái að standa áfram á reitnum. Bréfið var lagt fram á fundi borgarráðs í morgun og er ítrekun á erindi borgarstjóra til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðsherra sem dagsett er 12. febrúar 2014. Þetta kemur fram í tilkynningu frá borgarstjóra.

## Borgarritari með erindi á loftslagsráðstefnunni í París

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, borgarritari, tók þátt í viðburði á COP21 loftslagsráðstefnunni í París sem þar sem fjallað var um hlutverk borga á sviði loftslagsmála. Viðburðurinn var skipulagður af Covenant of Mayors sem eru stærstu samtök borga á sviði loftslags- og orkumála á heimsvísu. Covenant of Mayors var sett á laggirnar árið 2008 og Reykjavíkurborg gerðist aðili árið 2009. Í dag eru um 7.000 borgir aðilar að þessum samtökum. Ellý Katrín fjallaði m.a. um það í erindi sínu hvernig Covenant of Mayors hefur gagnast Reykjavíkurborg og hvað hefur áorkast í kjölfarið.

## Sótt um leyfi fyrir fimm hæða byggingar við Austurbakka

Sótt hefur verið um leyfi til að byggja fimm hús á reit 1, G1 og G2, T1, T2 og T3, fjögurra og fimm hæða með verslunum á jarðhæð og 73 íbúðum á efri hæðum og á reit 2 tvö verslunar- og skrifstofuhús, L1 og T4, fimm og sex hæða með verslunum á tveimur neðstu hæðum og skrifstofum á efri hæðum og bílakjallara með 120 stæðum á báðum reitum á lóð nr. 2 við Austurbakka. Yfirlit fylgir yfir fornmínjar á svæðinu frá Borgarsögusafni Reykjavíkur dags. 8. júní 2014 og umsögn um hugsanlega fornleifafundi frá Minjastofnun Íslands dags. 25. júní 2015 og 2. júlí 2014, samþykki meðlóðarhafa vegna uppdráttar dags. 2. júní 2015,

samþykki meðlóðarhafa vegna vinnu við heildarbílakjallara dags. 22. júní 2015 bréf frá Reginn dags. 17.3. 2015.

## Veitinga- og ráðstefnusalur við Fríkirkjuveg

Samþykkt hefur verið leyfi til að innrétta veitinga- og ráðstefnusal fyrir 155 gesti á Fríkirkjuvegi 11 þar sem sótt verður um tækifærisleyfi fyrir hvern viðburð í kjallara og á 1. hæð, lækkuð verður gólfplata í hliðarsal, taka niður svið í sal í sömu hæð og gólfplatan, koma fyrir salernum, koma fyrir matarlyftu/þjónustulyftu við eldhús og fólkslyftu frá kjallara upp á 1. hæð ásamt öðrum breytingum sem nefndar eru í byggingalýsingu á teikningu og sótt er um leyfi til að innréttað verður íbúð á 2. hæð og í risi, fjarlægður verður stigi á milli 1. og 2 hæðar og hann geymdur, breyta núverandi útitröppum við suðurgafli, koma fyrir lyftu vegna aðkomu hreyfihamlaða og fjölga þakgluggum á austanverðu úr 2 í 6 stykki í húsinu á lóð nr. 11 við Fríkirkjuveg. Einnig er lagt fram minnisblað byggingarfulltrúa dags. 17. ágúst 2015.

## Breytingar á öllum hæðum við Hafnarstræti

Samþykkt hefur verið að breyta innra skipulagi á öllum hæðum í Hafnarstræti 17. Verslunarrými verður breytt í veitingaaðstöðu, komi verður fyrir auka lyftu, svalir að flóttastiga eru minnkaður og stærð húss endurreiknuð á lóð nr. 17 við Hafnarstræti.

## Verslun í kjallara við Óðinsgötu 8B

Samþykkt hefur verið að veita leyfi til að breyta íbúðarhúsnæði í kjallara við Óðinsgötu 8 B í smávöruverslun.

## Sótt um miklar breytingar á Skólavörðustíg 24

Sótt er um leyfi fyrir ýmsum breytingum, innan húss og utan, m.a. taka upp loft, færa inngang, breyta gluggum og hurðum og koma fyrir þakglugga í einbýlishúsi á lóð nr. 24 við Skólavörðustíg.

Vesturbæingar



Við höfum alltaf verið til fyrirmyndar!

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**  
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SIÐAN 1996  
Vaktisímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is • Allan sólarhringinn

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfsdóttir

Hilmar Erlendsson

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**  
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242  
**ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA**



*Gledileg jól*



**Jens**



frá 6.300.-



frá 65.900.-



Demantshringur  
10p TW.VVS1  
demantur  
174.600.-



Giftingarhringar  
174.900.- parið

*Kynslóð eftir kynslóð*

Jöklaskálar  
lítil 5.900.-  
stór 7.900.-



Salattöng  
13.900.-



Pingvallavatn - bakki  
12.900.-


Sultuskeið  
6.900.-



Ostahnífur  
6.900.-



Kökuhnífur  
12.800.-




Eyjaflallajökull  
undir grófsalt  
4.900.- (salt fylgir)




*Tímalaus hönnun*

*í jólapakkann*



8.900.-



16.700.-



Sérhannaðar umbúðir



27.900.-



16.900.-



18.300.-



12.400.-



6.900.-



13.900.-



9.900.-



frá 28.900.-



frá 29.900.-



frá 14.900.-



32.900.-



16.900.-



# Vesturbærinn er mikið fyrirmyndarhverfi

**G**ísla Marteín Baldursson þarf ekki að kynna fyrir Vesturbæingum eða öðrum. Hann hefur starfað fyrir fjölmiðla árum saman, einkum sjónvarp sem hann gerir enn eftir að hafa tekið sé hlé til þess að stunda nám í Bandaríkjunum um tíma. Gísli Marteinn sat einnig um árabíl í borgarstjórn þar sem hann barðist meðal annars fyrir þéttari byggð og vistvænum samgöngum - og hætti eftir að nýtt aðalskipulag var í höfn. Eftir uppeldi í Breiðholti kaus Gísli Marteinn Vesturbæinn til búsetu þar sem hann rekur kaffihús ásamt félaganum Pétri Marteínssyni og fleirum á horni Melhaga og Hofsvallagötu. Tíðindamaður tillti sér niður með Gísla Marteini á hinu notalega Kaffihúsi Vesturbæjar fyrir skömmu og fyrsta spurningin gæti hafa verið úr smíðju hans sjálfs: Hvað ertu búinn að vera að gera — og varstu orðinn leiður á pólitíkinni?

„Ég ákvað að bæta við mig þekkingu og fór til náms við Harvard háskóla í Bandaríkjunum. Þetta var svokallað „fellowship“ þar sem maður er einhvers staðar á milli þess að vera nemandi og leiðbeinandi. Flestar deildir skólans bjóða upp á svona námsmöguleika, en mitt nám var við hönnunardeild skólans, Harvard Graduate School of Design. Við vorum tíu sem valin vorum úr hópi umsækjenda, þar af þrjú utan Bandaríkjanna. Þetta var frábær hópur fólks sem allt var með reynslu af því að vinna á einhvern hátt við borgir. Nokkur voru arkitektar, ein hafði unnið að því að skipuleggja matargjafir til fátækra í Harlem hverfi í New York og einn verið sérfræðingur Deutsche Bank í að byggja ódýrt húsnæði fyrir hina efnaminni inni í borgum. Ég var sá einni sem hafði bakgrunn úr borgarstjórn málum og fjölmiðlun. Þetta var fólkskomið með talsverða lífs- og starfsreynslu á aldrinum 35 ára og upp að fimmtugu. Þarna sótti ég fyrirlestra og kennslustundir en gat einnig gefið sjálfum mér tíma til þess að dvelja á bókasafni og grúska og sökkva mér ofan í hluti sem mig hafði lengi langað til að gera hér heima en ekki unnist tími til. Ég var fyrst og fremst að skoða skipulagshugmyndir með tilliti til Reykjavíkur og raunar Íslands með

því að bera þær saman við aðrar borgir og önnur lönd. Þessi fór mín stóð yfir í eitt ár og við fjölskyldan fluttum heim í júlí á þessu ári.“

## Að þykja vænna um borgina sína en flokkinn sinn

„Já – það má eiginlega segja að ég hafi verið orðinn leiður á pólitíkinni. Það má ekki skilja það þannig að ég væri búinn að fá leið á borgarmálum og alls ekki þeim málefnum sem ég hef verið að berjast fyrir. Ég hafði þvert á móti áhuga á að læra meira um þau, reyna að opna augu mín fyrir nýjum hugmyndum og öðrum sjónarmiðum. En ég skal fúslega viðurkenna að ég var búinn að fá leið á hinum fúlu flokksstjórn málum. Því miður er það þannig að fjöldi stjórnmalamanna hefur miklu meiri áhuga á því að skora stig inni í sínum flokki heldur en að gera borginni sinni gagn. Það er jafnvel til í að velja skaðlega leið fyrir heill Reykjavík, ef það heldur að það gagnist vel í næsta prófkjöri. Ég hef lengi sagt að við þurfum fólks í borgarpólitíkina sem þykir vænna um Reykjavík heldur en flokkinn sinn og eigin stjórn málaferil. Þetta á ekkert bara við í borgarmálunum. Mér fannst grátlegt að horfa upp á það þegar landið var að rísa úr öskustónni undir stjórn Jóhönnu og Steingríms að sumir félagar mínir af hægri vængnum, gátu alls ekki glaðst yfir því eða viðurkennt árangur. Það var eins og heiftin út í andstæðingana væri heitari en ástin á landinu og á fólkinu sem þar býr. Sama er uppi á teningnum núna. Þeir sem eru á móti þessari ríkisstjórn geta ómögulega samglaðst þeim árangri sem ríkisstjórnin er að ná af því það eru rangir menn sem eru við stjórnvölin. Þannig var þetta einnig í borginni að minn gamli flokkur vildi mótmæla góðum málum eingöngu af því þau komu frá röngum aðilum – ekki þeim sjálfum. Ég gat bara ekki staðið í því.“

## Vorum á leið í kolvítlausa átt

Dæmi um þetta er aðalskipulag Reykjavíkur. Sjálfstæðismenn hófu vinnu við það árið 2006 og ég var í stýrihópnum frá upphafi. Þegar skipt var um meirihluta í borginni



Vinir á Tjörn gæti þessi mynd heitið en hún var tekin af Gísla Marteini og heimilishundinum á íslagðri Reykjavíkurtjörn á dögnum.

eftir sigur Besta flokksins árið 2010, var eins og sumum félögum mínum finndist að þeir þyrftu þá að hætta að vinna að því skipulagi sem við vorum komin af stað með, og fóru að vinna gegn því. Þetta er að mínu mati besta skipulag sem hefur verið samþykkt fyrir sveitarfélag á Íslandi síðan 1927 þegar Guðmundur Hannesson bjó til aðalskipulag Reykjavíkur. Og þetta er eitt róttækasta aðalskipulag sem hefur verið samþykkt í borgunum í kringum okkur sem mér er kunnugt um undanfarin ár. Við vorum á leið í kolvítlausa átt og þurftum á því að halda að breyta um stefnu.“

Gísli Marteinn segir að enn hafi verið í gildi Miðborgarskipulag þar sem gert var ráð fyrir því að rífa gömul hús og byggja stóra kumbalda. „Því var snúið við í hinu nýja aðalskipulagi. Við vorum enn að dreifa byggðinni. Því var einnig snúið í þessu skipulagi og þar með snúið af þeirri braut að tvöfalda

þær umferðateppur sem þúsundir Reykvíkinga sitja nú fastir í á morgnana og síðdegis á leið til og frá vinnu.“

## Vesturbærinn er fyrirmynd annarra hverfa

„Vesturbærinn er að sumu leyti fyrirmynd af því hvernig borgarþúar vilja hafa hverfin sín,“ segir Gísli Marteinn. „Ég hef farið á hundruð funda með íbúum út um alla borg og á flestum fundanna hefur einhver sagt: „Við þurfum svona Melabúð í okkar hverfi“ og á undanförunum árum hefur það farið mjög vaxandi að menn bæti við: „og gott kaffihús“. Vesturbærinn hefur hvort tveggja. Og það er engin tilviljun. Það er vegna þess að Vesturbærinn er eitt þéttasta hverfi borgarinnar og einnig eitt það vinsælasta. Melarnir eru raunar alveg sérstaklega þéttbyggðir, þótt flestir sjái ranglega fyrir sér háhýsi en ekki

steinað hús á Melunum þegar rætt er um þetta byggð.“

Gísli Marteinn ræðir um húsið þar sem hann býr í því samhengi. „Í húsinu þar sem ég bý er sex manna fjölskylda í kjallaranum, lítil fjölskylda á hæðinni fyrir neðan mig. Svo erum við og í risinu er enn ein fjölskylda. Svona er þetta út um allt á Högum og Melum. Við erum gjarnan þrjár til fimm fjölskyldur sem búum hvert ofan á annarri hér á þessu svæði og þetta búsetuform skapar þetta byggð. Byggð getur verið þétt án þess að háhýsi komi til og á Melunum og Högunum er engin háreist byggð en samt sem áður frekar þétt og hvergi í Reykjavík er að finna þéttari byggð en hér. En þegar byggt er svona þétt þá þurfa almenningssrými, tómtundasvæði og opin svæði að vera góð. Við höfum þau hér í formi Ægisíðunnar, sundlaugarinnar, skólalóðanna, KR svæðisins og fleiri staða. Litlu rólóarnir á Högunum eru góðir, þótt þeir mættu gjarnan vera betri. Viðast hvar er almenningssrýmum sinnt best þar sem byggð er hvað þéttust. Það er ekki nein tilviljun að Central Park er á einu þéttbýlasta landsvæði í heimi.“

## Örfiriseyan er að þróast skemmtilega

Talið best að Örfirisey. Gísli Marteinn segir hana vera að þróast skemmtilega. „Það er mjög mikil gróska í Örfirisey. Þar eru hönnunarverslanir, veitingastaðir og kaffihús að vaxa og blómstra. Nú er búíð að stofna bruggverksmiðju og fjöldi fyrirtækja bæði í skapandi greinum, sjávarútvegi og öðrum greinum er að vaxa þar. Það er mjög gaman að sjá þetta vera að gerast. Höfnin vill síður fá íbúðabyggð vegna þess að hún rekst írekar á við hafnarlífið en fyrirtækin. Forsvarsmenn hennar vita manna best að um leið og íbúðabyggð vex á hafnarsvæðinu má búast við kvörtunum. Íbúar vilja síður heyra frá skipum þegar verið er að sigla út á miðin kannski um klukkan fimm á morgnana þegar flestir eru enn í fasta svefni. Með skellum við skundum á braut – var sungið í laginu en það á kannski ekki vel við um nætursvefn íbúa í nágrenni hafnar. Ég tel hins vegar óhjákvæmilegt að einhver íbúðabyggð rísi á hafnarsvæðinu en miðað við

# SKATAN ER KOMIN!

- HARÐFISKUR
- SALT FISKUR
- STÓRIR HUMARHALAR
- SKELFLÉTTUR HUMAR



NESVEGUR 100 • SÍMAR 562-1070, 896-4243  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10 - 18:30



núverandi plön er hún ekki að koma alveg á næstu árum.“

Menn sáu Geirsgötuna fyrir sér sem hraðbraut

Og þá getum við talað um olíuna. Þarf olíuhöfnin að vera um aldur og ævi yst í Örfiriseynni? Gísli Marteinn segir ljóst að olíutankarnir geti ekki verið þar til eilífdarnóns. Ná verði samkomulagi við olíufélögin um að flytja þá. „Ég tel það vont fyrir þau sjálf að þurfa að flytja olíuna með tankbílum í gegnum miðbæinn þar sem kröfur um hæga umferð fara stöðugt vaxandi. Nú eru áform um að byggja fimm stjórnú hótél við aðalleiðina fram hjá hafnarsvæðinu. Þegar Geirsgata var lögð þá sáu menn hana fyrir sér sem hluta af hraðbrautarkerfi sem meðal annars átti að fara þvert í gegnum Grjótaþorpið sem átti að rífa meira og minna niður fyrir bílaumferð. Þessir hugmyndasmiðir eru fallnir frá og Geirsgatan sem hraðbraut er tímaskekkja. Hótelstjóri Hótel Marina í gamla Slipphúsinu hefur bent á hættuna sem er samfara þessari miklu umferð fjölda gangandi vegfarenda á þessum slóðum og þeir sem nú ætla að reisa hótél á Hörpureitnum og einnig þeir sem starfa í Hörpunni sjálfri vilja ekki að hraðbraut skilji svæðið frá miðbænum. Þannig að það er einboðið að þarna verður hægt á umferðinni og gatan gerð að fallegri og rólegri miðborgargötu. Eftir sem áður komast allir leiðar sinnar en verða að þola að aka hægar í gegnum miðborgina, en er nú aldeilis ekki leiðinleg ökuleið.“

Ýmsir möguleikar í olíumálunum

Árið 2007 og 2008 var heilmikil vinna í gangi við að skoða mögulegar leiðir til þess að flytja

olíugeymana. Slökkviliðið tók þátt í henni og olíufélögin og borgarráð. „Það voru nokkrir staðir athugaðir en þetta verður dýr framkvæmd þegar að henni kemur og alltaf spurning um hver á að borga. En nú liggur fyrir áhættumat og einnig kostnaðarmat á flutningunum auk hugmynda um nokkra staði þar sem kom mætti þeim fyrir. Eitt af þeim svæðum sem hafa verið nefnd er Engey. Olíuflutningaskipin mynd þá leggja við Engey og síðan yrði leiðsla í land. Annar möguleiki gæti verið að skipin myndu áfram leggja við Örfirisey en tankarnir yrðu grafnir niður. Ég tel að í þessu máli eigi hagsmunir borgarbúa að ráða meiru en hagsmunir olíufyrirtækjanna.“

Gísli Martein bendir á að léttu mætti á þungaflutningum á fleiri vegu og varpar því fram af hverju þurfi svo stóra trukka eins og raun ber vitni til þess að flytja aðdrætti í miðbæinn og af hverju stærstu týpunar af rútum eru að þvælast í minnstu götum mið- og vesturbæjarins. „Af hverju þarf að nota svo stóra trukka til þess að aka með bjór og gos að veitingastöðum Miðborgarinnar. Af hverju má ekki nota aðeins minni farartæki. Svona trukkar sem aðeins má sjá á hraðbrautum til dæmis í Bandaríkjunum eru að þvælast niður í Kirkjustræti og Aðalstræti svo dæmi sé tekið. Sama gildir um rúturnar. Það er af þessu ónæði og satt best að segja eru þessir stóru bílar eins og filar í postulínsbúð, og við ættum að setja þeim reglur áður en þeir rekast í fleiri muni sem okkur þykir vænt um í búðinni.“

Hofsvallagatan sker bæði skóla og íþróttahverfi í sundur

Gísli Marteinn segir að hvarvetna í heiminum hafi bíllinn verið að hörfa í þéttbýli. Svo færir



Við á Kaffihúsinu reynum líka að láta hlýju og jólastemningu stafa af okkur út á gangstéttina.

hann talið að Hofsvallagötunni sem mikill hvellur varð vegna breytinga sem þar gerðar voru fyrir um tveimur árum. „Við sitjum hér við Hofsvallagötuna þar sem nokkrir háværir einstaklingar stigu fram og mótmæltu aðgerðum sem unnar voru til þess að auka umferðaröryggi. Þær aðgerðir voru gerðar til þess að draga úr hraða í götunni sem var allt of mikill – eins og Ómar Ragnarsson söng um fyrir áratugum. „Hofsvallagötu hentist ég í heljar rykmekki“. Hofsvallagatan er hönnuð fyrir tvær akreinar í hvora átt og hún átti meira að segja að vera á mislægum gatnamótum við Hringbrautina. Lengst af hefur verið ekið mjög hratt eftir Hofsvallagötunni en þetta er gata sem sker bæði skóla- og íþróttahverfi í sundur. Krakkar eru að hlaupa yfir götuna allan daginn því þau taka auðvitað ekki langan sveig til þess að fara yfir á gönguljósum. Talsmenn aukinnar umferðar og hraðakstur höfðu á sínum tíma fengið að ráða þessari götu og hannað hana eingöngu út

frá þörfum bílsins og raunar lokað inn og útkeyrslum við Reynimel og Grenimel til að trufla ekki greiðan hraðakstur eftir Hofsvallagötu. Og þegar hlustað var á þá foreldra sem höfðu áhyggjur af börnum sínum og hraðakstrinum sem allir vissu að var bara tímaspursmál hvenær myndi valda alvarlegu slysi, lét þessi þrýstihópur í sér heyra. Sjálfur hafði ég ekki miklar áhyggjur af því. Talsmenn mikillar bílaumferðar eru hvarvetna í heiminum að reyna að verja þá forréttindastöðu sem þeir nutu um nokkurra áratuga skeið. En sem betur fer þurfa þeir allsstaðar að láta í minni pokann. Borgir eru hvarvetna að reyna að draga úr hraða bílanna, auka öryggi gangandi og hjólandi og greiða götu þeirra. Ég tel reyndar nauðsynlegt að borgaryfirvöld ljúki verkinu, því núverandi hönnun götunnar átti aldrei að vera annað en bráðabirgðalausn. Varanleg endurhönnun hennar með auknum gróðri, fleiri bekkjum, almennilegum hjólastígum og rólegri umferð þarf að fara að eiga sér stað. Næsta verkefni á svo að vera að draga úr hraðanum á Hringbrautinni. Hún slítur gamla og nýja Vesturbæinn í sundur, dregur úr íþróttaiðkun barna norðanmegin og nú hefur í tvígang verið ekið á börn sem eru að fara yfir götuna á mótum Hringbrautar og Hofsvallagötu. Það þarf að endurhanna þessa miklu umferðaræð, hægja á umferð og gera gönguleiðir barna yfir götuna öruggari, eins og foreldrafélag Vesturbæjarskóla hefur krafist árum saman. Lausnir eins og undirgöng eða göngubrýr koma að mínu viti ekki til mála, því þær festa götuna í sessi sem hraðbraut og eru soun á almannafé, því aðeins lítið brot gangandi myndi nýta sér slíkar lausnir. Miklu betra er að endurhanna götuna með það að

markmiði að hægja á umferð og gera umhverfi götunnar meira aðlaðandi en nú er.“

Verið beðið um hraðahindranir við flestar götur

Hraðahindranir hafa aðeins verið til umræðu að undanförmu á þeim forsendum að þær skapi vanda í stað þess að leysa og geti verið mengunarvaldar. Gísli Marteinn er ósammála því að þær séu til vandræða eða andstæðar íbúum. „Ég veit ekki um neina götu sem einhver býr við þar sem ekki hefur verið óskað eftir hraðahindrun. Ég hef fyrir satt að við hverja einustu íbúagötu í Reykjavík hafi íbúar beðið um einhverskonar hraðahindranir. Meira að segja þeir sem kvarta undan hraðahindrunum í borginni hafa ekki mótmælt þegar hindranir hafa verið settar í þeirra eigin götur. Það er vegna þess að allir vilja að ekið sé hægt — eða að ekki sé ekið — fyrir framan þeirra hús. Fólk er hrætt um börnin sín og telur þau jafnvel vera í lífshættu þegar þau fara út að leika sér. En flestir vilja hinsvegar komast hraðar yfir þegar þeir komast út úr eigin götu. En við þurfum að taka tillit hvert til annars, og þurfum að sætta okkur við það að það búa börn við allar götur í Vesturbænum og við viljum að hverfið sé öruggt. Sumsstaðar í hverfinu hafa hræddir foreldrar brugðið á það ráð að setja blómapott á miðlinu götunnar og fylgst með því hvernig ökumenn hægja á sér, bara af því þeir taka eftir einhverju óvenjulegu. Börn geta alltaf skotist fram, og ekkert erindi er svo mikilvægt að það verðskuldi að bjóða upp á hættu á að skaða barn.“

Framhald á bls. 6.

STUNDUM ER GAMAN AÐ LEYFA ÖÐRUM AÐ ÁKVEÐA



 Gjafakort Íslandsbanka

Einfaldaðu ákvörðunina með gjafakorti Íslandsbanka

Gjafakort Íslandsbanka hittir alltaf í mark og er gjöf með endalausum möguleika. Kortið má nota eins og önnur greiðslukort, bæði í verslunum um allan heim og á netinu.

Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum í næsta útibúi Íslandsbanka.



Framhald af bls. 4-5.

## Meiri og meiri jólabær

Þessa dagana er Vesturbærinn að taka á sig jólalega mynd. Hvort sem það er Melabúðin, Kaffihús Vesturbæjar, Vesturbæjarlaugin, Úlfarsfellið, Landakotstúnið eða kirkurnar. Jólaljósín eru að kvikna á trjám í görðum Vesturbæinga og hver einasti gluggi er að verða skreyttur. „Mér finnst Vesturbærinn alltaf að verða meiri og meiri jólabær. Það er hátíðlegt þegar Melabúðin og Vesturbæjarlaugin setja upp skrautið sitt - fastur og ánægjulegur liður á aðventunni. KR-ingar skreyta líka vel, og flugeldasalan er fastur liður milli jóla og nýárs. Við á Kaffihúsinu reynum líka að láta hlýju og jólastemningu stafa af okkur út á gangstéttina. Við höfum boðið upp á jólamatseðil alla aðventuna og jólaglögg við hátíðleg tækifæri. Á Þorláksmessu er nauðsynlegt að fara í Melabúðina, kaupa síðustu hlutina, fyrir utan það sem maður gleymir og

skýst eftir á aðfangadagsmorgunn, og Nes Kirkjan er auðvitað aldrei fallegri en um jóln. Allt eru þetta liðir í því að við hér í hverfinu verðum sjálfum okkur nóg um ýmsa hluti. Hverfið verði sjálfbærara. Ég hitti fleira og fleira fólk sem talar um að það reyni að sinna sem flestum erindum sínum í Vesturbænum. Því finnst ferðamannastraumurinn í miðbænum svo sem ágætur, en kann vel við að geta sloppið við hann með því að halda sig hér í litla þorpinu okkar — jafnvel þótt við kíkjum nú auðvitað öll í bæinn reglulega og ekki sist fyrir jóln. En ég er sannfærður um að á næstu árum mun þjónustan í hverfinu aukast samhliða aukinni ósk íbúanna um að geta sinnt fleiri erindum innan hverfisins. Heimaslóðirnar verða þannig valkostur við miðbæinn. Í aðalskipulaginu nýja er þetta kallað „aukin sjálfbærni hverfanna“ - og það þarf ekki koma neinum á óvart að Vesturbærinn verði það hverfi sem sýnir í verki hvernig það fer fram.“

# Fjölbreytt og vönduð aðventudagskrá á Aflagranda

Aðventan á Aflagranda er fastur liður í aðdraganda jóla í félagsmiðstöðinni Vesturreitum, Aflagranda 40. Að venju er hún fjölbreytt og afar vönduð. Úr eldhúsinu leggur kökuilm og húsið er í jólabúningi.

Jólahlaðborð Vesturreita var haldið fimmtudaginn 26. nóvember þar sem hinn eini sanni Ragnar Bjarnason skemmti gestum. Einnig var laufabrauðsgerð að norðlenskri fyrirmynd, gestir komu frá Hlíðabæ og jólasaga ömmu ásamt föstum liðum eins og Guðna Th. Jóhannessyni með sitt bókasþjall svo eitthvað sé nefnt.

Framundan er svo sölutorg Aleo Vera, jólasúkkulaði Eyglóar og Fanneyar ásamt vinsælasta bingóí ársins sem haldið verður föstudaginn 18. desember.

Á fésbókarsíðu Vesturreita er hægt að fylgjast með því sem er að gerast hjá okkur [www.facebook.com/Vesturreitir/](http://www.facebook.com/Vesturreitir/)



Myndirnar voru teknar við hina ýmsu viðburði í félagsstarfinu á Aflagranda. Þar á meðal norðlensku laufabrauðsgerðinni.



## Ódýr og góður matur

- Take away -

Opíð yfir hátíðarnar:

**Aðfangadagur 9-15**

**Jóladagur 10-23**

**2. í jólum 10-23**

**Gamlársdagur 9-17**

**Nýársdagur 10-23**

Bike Cave  
Einarsnesi 36 • 101 RVK  
[www.bikecave.is](http://www.bikecave.is)  
Erum á Facebook  
Símar 770-3113 og 666-6136

BIKE CAVE

# JÓLABÆKURNAR KOMA FRÁ HÓLUM!



**Steven Gerrard**  
- einn besti  
knattspyrnumaður  
sinnar kynslóðar.



**Heretan á Ströndum  
og Norðurlandi vestra**  
- fræðandi bók um  
tímabil sem má  
ekki gleymast.



**Það er gott að búa  
í Kópavogi!**  
- gamansögur af  
Kópavogsbúum  
sem allir hafa  
gaman að.



**Hrekkjalómafélagið**  
- óborganlegar  
sögur af hrekkjum  
og á stundum mjög  
svo óvæntum við-  
brögðum við þeim.



**Skósveinarnir-leitið og finnið**  
og  
**Skósveinarnir-skáldsaga**  
-Skósveinabækurnar hafa svo  
sannarlega slegið í gegn.



BÓKAÚTGAFAFAN HÓLAR  
[holabok.is](http://holabok.is) • [holar@holabok.is](mailto:holar@holabok.is)





## Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt  
að nota hvar sem er.

Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn  
velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum  
okkar og á [arionbanki.is/gjafakort](https://arionbanki.is/gjafakort)

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina



# Kaffiboð Tryggva á Skólavörðustígnum

- Listamennirnir Eyjólfur Einarsson, Haukur Dór, Sigurður Þórir, Sigurður Örlygsson og Sigurjón Jóhannsson með samsýningu

Kaffiboð Tryggva er yfirskrift sýningar sem fimm myndlistarmenn opnuðu hjá Ófeigi á Skólavörðustíg nú í desember mánuði. Listamennirnir eru Eyjólfur Einarsson, Haukur Dór, Sigurður Þórir, Sigurður Örlygsson og Sigurjón Jóhannsson en heiti sýningarinnar er kennt við Tryggva Ólafsson listmálara sem er upphafsmaður að þessum sýningum. Auk framlags myndlistarmannanna las Ólafur Gunnarsson rithöfundur upp úr nýrri skáldsögu sinni *Syndaranum*.

Listamennirnir eru á samþæflegum aldri og hafa þekkt mjög lengi. Þeir voru nær allir samtímis í Kaupmannahöfn fyrir um hálfri öld og numu sumir á sama tíma hjá listaakademíunni þar í borg. Tengsl þeirra má rekja aftur til þess tíma að þeir hittust reglulega með mis formlegum hætti eins og listamönnum er títt. Eftir að Tryggvi flutti heim frá Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum, en hann dvaldist þar mun lengur en hinir endurvakti hann þann sið að hittast og hefur boðið þessum hópi myndlistarmanna og einnig rithöfundum til þess að hittast, sýna myndverk og lesa úr skáldverkum en kannski fyrst og fremst að segja sögur. Vesturbæjarblaðið leit við á Skólavörðustígnum á opunardeg sýningarinnar.



Magnús Skúlason arkitekt, Ólafur Guðmundsson augnlæknir og Örnólfur Árnason rithöfundur og ferðamálförmuður, sem er að lesa smáskilaboð í símanum sínum.



Ingibjörg Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sigurður Örlygsson myndlistarmaður.



Eyjólfur Einarsson listmálari og Rúnar Sigurðsson. Fyrir aftan þá sér í Sigurð Örlygsson.



Ófeigur gullsmiður og gallerieigandi á Skólavörðustíg 5 og Ólafur Gunnarsson rithöfundur.

## Blóm jólanna



- Jólatúlípanar

- Ilmandi Hyacinthus

- Glitrandi jólavendi

**Blómagallerí**

*Gleðileg jól!*

Hagamel 67 • S: 552 6070



# Nokkrir aðilar vilja á Fiskislóð

... Skeljungur er á meðal þeirra

Skeljungur á í viðræðum við Faxaflóahafnir um úthlutun lóðar við Fiskislóð á Granda með það að augnamiði að reisa nýjar höfuðstöðvar. Skeljungur sótti um lóðina í byrjun nóvember en ákvörðun um úthlutun hennar verður að öllum líkindum ekki tekin fyrr en í byrjun næsta árs.

Fleiri aðilar hafa sýnt lóðinni áhuga og hafa að minnsta kosti þrír aðilar sett sig í samband við Faxaflóahafnir af því tilefni. Um er að ræða tvær lóðir sem verið er að sækjast eftir þarna. Annars vegar lóðin sem Skeljungur hefur sótt um og síðan Fiskislóð 37A. Ekki þarf að ráðast í skipulagsbreytingar á svæðinu en afla þarf frekari upplýsinga um fyrirætlanir þeirra sem sýnt hafa lóðunum áhuga. Þeir aðilar sem sýnt hafa Fiskislóðinni áhuga er einkahlutafélagið Reir sem er dótturfélag Niturs – félags sem kom með vel á sjöhundahundrað milljónir til landsins á árunum 2012 og 2013 í gegnum fjárfestingarleið Seðlabankans. Annað félag sem sýnt hefur Fiskislóðinni áhuga



Lóðin sem Skeljungsmenn hafa augastað á við Fiskislóð.

er Mid Atlantic Sim Center ehf. Að baki félaginu eru íslenskir fjárfestar sem vilja opna alþjóðlega þjálfunarmiðstöð með hermi fyrir Airbus AS350-þyrlur. Fjárfestarnir keyptu flugherminn árið 2013 og hafa síðan leitað

að hentugu húsnæði undir starfsemi. Þriðja fyrirtækið er Brimrún sem selur ýmsan búnað fyrir fiskiskip og hefur rekið starfsemi sína úti á Granda síðastliðin 23 ár

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða*

**Munið að panta tímalega fyrir jólin.**

Hlynur, Sara, Anna og Edda

**Stofa fyrir alla fjölskylduna.**

**Næg bílastæði**



## Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



**Hringdu núna.**

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: **897 1533**

david@fr.is



## ÞORLÁKSMESSUSKATA

**Bjóðum upp á skötu alla daga frá hádegi til kvölds fram að jólum, kr. 2.350.- fyrir manninn.**

**Pantið tímanlega fyrir þorláksmessuna því færri komast að en vilja. Pöntunarsími 553 1500.**

Munið heimasíðuna  
[www.saegreifinn.is](http://www.saegreifinn.is)

**Sægreifinn**

Verbúð 8 við Geirsgötu, 101 Reykjavík, Sími 553 1500





# Spennandi uppbygging á Keilugranda 1

Reykjavíkurborg hélt 25. nóvember fund með Búseta og Kanon arkitektum um uppbyggingu á Keilugranda 1. Fundargestum gafst þá tækifæri til að koma með ábendingar sem gætu nýst áfram í vinnsluferlinu. Nú er unnið áfram með tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem stefnt er á að auglýsa fljótlega. Guðrún Ingvarsdóttir, forstöðumaður þróunar og nýframkvæmda hjá Búseta kynnti helstu verkefni þeirra og brenntar áherslur með svæðið á Keilugranda. Þau verða áfram í samstarfi við KR um lýðheilsu-svæði á reitnum. Rík áhersla er á að verkefnið falli vel að aðliggjandi byggð og að skapa svæði þar sem eftirsóknarvert er að búa.

Á reitnum verða fjölbreyttar íbúðir fyrir fólk á öllum aldri eða Stúdíóíbúðir og 2., 3., 4. og 5. herbergja íbúðir. Útivistarsvæðið er fjölbreytt og lýðheilsureitur ætti að verða lyftistöng fyrir hverfið. Guðrún sagði að gætt yrði að því að lágmarka jarðvegs-áhrif vegna nýbygginga.

## Búseti og félagsbústaðir

Hildur Gunnarsdóttir, arkitekt hjá skipulagsfulltrúa, umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar kynnti áherslur Aðalskipulags Reykjavíkur og skipulagslega stöðu deiliskipulagsreitsins. Hún vitnaði í samkomulag frá 23. janúar 2015 en þá gerðu Reykjavíkurborg og Búseti hsf. með sér



Séð yfir Keilugrandasvæðið.

viljayfirlýsingu þar sem kveðið var á um að Búseti kæmi að uppbyggingu íbúða á lóð Keilugranda 1. Þá munu Félagsbústaðir eiga og reka hluta íbúða reitarins.

Halldóra Bragadóttir, arkitekt hjá Kanon arkitektum kynnti drög að deiliskipulagstillögu fyrir svæðið sem afmarkast af Keilugranda, Eiðsgranda, Boðagrandi og göngustíg meðfram KR velli. Meðal þess sem kom fram í máli hennar var að mælikvarði nýrrar byggðar félli að núverandi byggð, hugað væri að sólar- og vindáttum og að á milli bygginga yrðu mótuð fjölbreytt útisvæði með s.k. lýðheilsureit í tengslum við núverandi leikvöll.

## Spurt og svarað um Keilugranda 1

Fundargestum var boðið að koma með spurningar og athugasemdir til frummælenda og var þeim svarað eftir því sem við var komið á fundinum en tekið verður mið af þeim við áframhaldandi vinnu við gerð deiliskipulagsins. Helga Bragadóttir, arkitekt hjá Kanon arkitektum og Björn Axelsson skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar tóku einnig þátt í því að svara fundargestum. Hér eru nokkur dæmi um fyrirspurnir og svör.

Spurt var hvort að gert væri ráð fyrir bílakjallara á svæðinu. Svarið er að ekki er gert ráð fyrir



Frá kynningafundinum sem haldinn var í Aflagranda 40.

bílakjallara þar sem að lóðin við Keilugranda 1 er aðeins um fimm metra yfir sjávarmáli og því geta skapast vandamál s.s. jarðsig.

Spurt var um hæðir húsa. Svarið er að byggingar verða 2 til 3 hæðir að Keilugranda og Fjörugranda og 5 hæðir auk inndreginnar hæðar nyrst.

Spurt var um staðsetningu og fjölda bílastæða, áhyggjur af því að þau séu of fá. Svarið er að það eru ca. 40 stæði norðan við fjölbýlishús við Eiðsgranda 10 stæði við götu við Keilugranda og ca. 20 stæði í vösum við Fjörugranda. Fjöldi stæða er í samræmi við aðalskipulag og bent er á að þarna er gert ráð fyrir þó nokkrum litlum stúdíóíbúðum.

## Afhendingar 2018

Spurt var um tímaramma verkefnisins og hvort samráð verði haft við íbúa og KR varðandi opna svæðið á reitnum. Svarið er að gert er ráð fyrir að deiliskipulagið verði tilbúið í vor. Svo þurfi að skipta framkvæmdinni upp. Möguleg afhending íbúða yrði árið 2018. Fundað hefur verið með KR varðandi lýðheilsureitinn og þeim list vel á. Tekið var undir hugmynd um að ræða við skólann líka um málið. Fundurinn fór fram á Aflagranda – Vesturreit og var fundargestum einnig boðið að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@reykjavik.is

www.n1.is facebook.com/enneinn

## Opið lengur á Ægisíðu

Núna höfum við opið lengur á N1 Ægisíðu fyrir vini okkar í Vesturbænum

Við hlökkum til að taka á móti þér:

Mán til fös kl. 07:30–19:30  
Laugardaga kl. 09:00–19:30  
Sunnudaga kl. 10:00–19:30

Bílaþjónustan er opin:

Mán til fös kl. 08:00–18:00  
Laugardaga kl. 09:00–13:00  
Lokað á sunnudögum



Hluti af Vesturbænum







### Notum bílastæða- húsin!

Vitatorg, Traðarkot,  
Kolaport, Stjörnuport  
og Bergstaðir eru í  
stuttri göngufjarlægð  
frá TUK TUK skutlum.

# Meiri tími í Miðborginni okkar

## LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI FRAM AÐ JÓLUM

Opið til kl. 22 í verslunum miðborgarinnar öll kvöld til jóla  
og til kl. 23 á Þorláksmessu.

- Tuk Tuk vagnar ferja þig milli bílastæðahúsa á Hverfisgötu og Laugavegi frá fimmtudegi til sunnudags frá kl. 17-22.
- Jólakrás götumatarmarkaður á Fógetatorgi við hlið Ingólfstorgs laugardag og sunnudag.
- Jólamarkaður á Fógetatorgi 21.-23. desember.
- Jólatónleikar á viðburðasviði Ingólfstorgs, laugardag kl. 15.
- Jólasveinar, kórar og hljómsveitir um alla miðborg til jóla.

**NÆG BÍLASTÆÐI OG MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN.**



ALMENNA  
LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM AÐVENTUJARTAÐ SLÆR  
— [WWW.MIDBORGIN.IS](http://WWW.MIDBORGIN.IS) —







Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**

**SAUMAVERKSTÆÐI GRANDA**  
FATABREYTINGAR OG VIÐGERÐIR



**Sími: 788-5544**

Opið / 9:00 - 13:00 Mánd. - Fimmtud. og 9:00 - 16:00 Föstud.

Fiskislóð 53, 101 Reykjavík

[www.facebook.com/saumaverkstæði-granda](http://www.facebook.com/saumaverkstæði-granda)



**HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

# Vil hvetja sem flesta til að notfæra sér félagsstarfið

... segir Hrafnhildur S. Einarsdóttir

„Ég held að flestum sé nauðsynlegt að vera þátttakandi í einhvers konar félagsstarfi þegar að starfslokum kemur. Margt fólk er háð vinnu sinni og hefur stundum verið lengi. Vinnan og vinnufélagarnir skapa félagsleg samskipti þess. Þetta á ekki síst við þá sem búa einir – eru ekkjur eða ekkjar eða hafa ekki mikil fjölskyldutengsl en engu að síður snertir þetta flesta sem komnir eru á heldri manna aldur.“ Segir Hrafnhildur S. Einarsdóttir sem hefur tekið þátt í félagsstarfinu á Vesturgötu 7 frá því hún hætti að vinna.

Hrafnhildur er Reykvikur fædd og uppalin í Vesturbænum. „Ég bjó á nokkrum stöðum um tíma. Átti heima í Kópavogi í nokkur ár og einnig í Breiðholti. Ég var í Breiðholti þegar hverfið var ungt. Ég náði þó ekki að fylgjast með uppbyggingu þess frá byrjun. Stóru framkvæmdunum var að mestu lokið.“ Á þessum árum lá leið margra í Breiðholtið – jafnvel gróinna Vesturbæinga eins og Hrafnhildar. „Þetta snerist um íbúðarkaup eins og hjá mörgum öðrum en ég festi aldrei rætur þar. Vesturbæingurinn er líklega of sterkur í mér til þess.“

## Kvennabyltingin breytti miklu

Eins og margir af kynslóð Hrafnhildar á hún rætur utan af landi. „Amma mín var úr Mýrdalnum og afi kom að austan. Hin amma mín var frá Þingeyri og það var talað um að franskt blóð væri í fjölskyldunni. Við þóttum frekar dökk á hörund miðað við marga aðra. Þetta var ekki óalgengt á Vestfjörðum. Siglingar til landshlutans skildu einhverjar erfðir eftir sig. En ég er þó raunverulega alger Reykvikur fædd og uppalin í borginni.“ Hrafnhildur segist hafa starfað við eitt og annað í gegnum tíðin. Fengist við saumaskap og verslunarstörf en einkum starfað í banka og hjá Flugleiðum um tíma. „Ég hef reynslu af ýmsu í atvinnulífinu enda af þeirri kynslóð kvenna sem fór í stórum hópum út á vinnumarkaðinn. Já – já ég man líka vel eftir kvennadeginum haustið 1975. Þar var einskonar bylting í jafnréttismálunum og bylgja sem ekki varð stöðvuð. Ég hef alltaf tengt Ingibjörgu Sólrúnu og stjórnmálaferil hennar við þennan atburð. Hann byggðist að miklu leyti upp á þeirri hugsjón sem þarna var að verða að veruleika. Fram undir þetta voru ekki aðrar konur á vinnumarkaði en þær sem aldrei höfðu gíft eða höfðu orðið ekkjur.“

## Félagsstarfið og barnabörnin gefa mest

En aftur að félagsstarfinu. „Já – ég hef stundum verið að hugsa um af hverju konur notfæra sér það mikið meira en karlar. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því fyrr en að ég fór að koma hingað. Ég spurði sjálfa mig hvar karlarnir væru. Hvort þeir væru bara enn að vinna en það er auðvitað ekki ástæðan fyrir því að þeir notfæra sér þetta minna. Konurnar hverfa mikið síður á bak við luktur dyr en karlarnir af hverju sem það stafar. Þó er ýmislegt fyrir þá að gera í félagsstarfinu – til dæmis smíðar fyrir þá sem eru lagtækir. Trúlega eru konurnar aktívur í eðli sínu. Hugsanlega meiri félagsverur og svo er spurning um hvort karlar séu eða hafi verið bundnari vinnunni en þær. Vinnan og vinnufélagarnir hafi skapað þeim félagslegt umhverfi sem dugði þeim en þegar




Hrafnhildur S. Einarsdóttir. Myndin er tekin á litlujólahátíð á Vesturgötu 7.

starfslokin eru afstaðin þá sé ekkert eftir og þeir hverfi bara heim. Ég veit þetta ekki en þetta er ein skýringin sem manni kemur til hugar. Þetta kann að eiga fremur við eldri kynslóðirnar en þær yngri. Það hefur svo margt breyst. Mun óalgengara er að fólk starfi alla æfi á sama vinnustað því finnst minna mál að koma á nýja staði og kynnast nýju fólki. Ég var líka nokkuð fljót að kynnast nýjum tíma í uppveiti mínum. Foreldrar mínir unnu bæði úti og ég var því snemma komin á barnaheimili eða leikskóla eins og það heitir í dag. En auðvitað átti maður líka athvarf hjá ömmu og afa sem ég held að sé ómetanlegt fyrir börn. Sem betur fer virðist umgengi barna við ömmur og afa færaast í vöxt á ný eftir að það var ef til vill ekki svo mikið um tíma. Ég á tvær yndislegar dætur og einn son og umgengni við barnabörnin hefur gefið mér mikið.“

## Kem hingað flesta daga

En félagsstarfið á Vesturgötu. „Það gefur mér líka mikið. Ég kem hingað flesta daga og líkar vel. Ég hef kynnst ágætum konum og á meðan heilsan er í lagi þá er ekkert sem stöðvar mann í félagsstarfinu. Ég borða hér á virkum dögum og því er heimilishaldið minna en annars. Maður getur fengið sér eitthvað létt á milli. Ég þarf ekki alltaf að vera með kjötmáltíðir. En umfram allt vil ég benda fólki á að nýta sér félagsstarfið og það sem þar er í boði. Það sakar ekki að reyna.“

# Lágt lyfjaverð



**FARMASIA**

Sími 511-0200 - [farmasia@farmasia.is](mailto:farmasia@farmasia.is)

Opið alla virka daga frá 08.00 til 20.00

Opið um helgar:

Laugardaga frá 10-18 - Sunnudaga frá 13-18

Nýtt sjálfstætt starfandi apótek í Suðurverri

Persónuleg og góð þjónusta í nágrenni við þig





# KEA HANGIKJÖT

Bragðið sem býr til jólin ... ár eftir ár.

Það er ýmislegt sem breytist með tímanum en KEA hangikjöttið hefur verið ómissandi á jólaborðum Íslendinga í fjöldamörg ár. Það er taðreykt og verkað samkvæmt aldagömlum hefðum sem tryggja framúrskarandi bragð og gæði.

NORÐLENSKA





FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK  
HELGIHALD UM JÓL OG ÁRAMÓT

20. des. sun. kl. 14:00  
Heilunarguðspjónusta á vegum  
Sálarrannsóknarfélags Íslands,  
Fríkirkjunnar og Kærleikssetursins.

24. des. fim. kl. 18:00  
Aftansöngur á aðfangadagskvöldi.  
Söngkonan Nathalia Druzin  
Halldórsdóttir syngur einsöng.  
Sönghópurinn við Tjörnina syngur jólin  
inn og leiðir safnaðarsöng undir stjórn  
Gunnars Gunnarssonar.  
Sr. Hjörtur Magni þjónar fyrir altari.

24. des. fim. kl. 23:30  
Miðnætursamvera á jólanótt.  
Páll Óskar og Monika Abendroth ásamt  
strengjasveit. Sr. Hjörtur Magni talar  
til viðstaddra. Sönghópur Fríkirkjunnar  
ásamt Gunnari Gunnarssyni.  
Mætið vel tímanlega til að fá góð sæti!

25. des. fös. kl. 14:00  
Hátíðarguðspjónusta á jóladag.  
Ljósanna hátíð fagnað  
með risandi sól.  
Egill Ólafsson söngvari syngur  
og spjallar um tónlistarval sitt.  
Sr. Hjörtur Magni,  
Sönghópur Fríkirkjunnar  
ásamt Gunnari Gunnarssyni.

31. des. fim. kl. 17:00  
Aftansöngur á gamlársgl. dag.  
Kristjana Stefánsdóttir, söngkona,  
Aron Steinn Ásbjarnarson, saxófónn,  
Örn Ýmir Arason, kontrabassi,  
Gísli Páll Karlsson, slagverk.  
Sönghópurinn við Tjörnina  
leiðir safnaðarsöng ásamt  
Gunnari Gunnarssyni, organista.  
Sr. Hjörtur Magni þjónar fyrir altari.

Börn hjálpa börnum  
til betra lífs

... jólamarkaður í Frostaskjólí til styrktar RKÍ

Óhætt er að segja að Frostaskjól hafi verið vinsælasti áfangastaðurinn í Vesturbænum fimmtudaginn 10. desember þegar þangað lögðu leið sína múgur og margmenn til að leggja sitt af mörkum til góðs málefnis og njóta þess að hitta mann og annan á jólamarkaði fjölskyldunnar. Fullt var út úr dyrum í Frostaskjólí í riflega tvær klukkustundir og varningurinn, sem börnin í frístundaheimilunum höfðu búið til fyrir þetta tilefni, rauk út eins og heitar lummur svo að eftir stóðu tóm borð og ótrúlega stoltir og ánægðir litlir sölumenn og fönðrarar. Þessar frábæru viðtökur skiluðu þeim árangri að metupphæð safnaðist með áttakinu, en hvorki meira né minna en riflega

260.000 krónur komu upp úr kössunum, sem renna óskiptar í hjálparstarf RKÍ, en þar er peningurinn eyrnamerkur verkefnum með börnum sem eru hjálparþurfi. Allir krakkarnir sem lögðu á sig óeigingjarna vinnu við að bæta líf annarra eiga hrós skilið fyrir sitt framlag og foreldrar þeirra mega vera stoltir af þessum kraftmiklu krökkum, því ef þau ná að áorka svona miklu sex til níu ára gömul, hvað eiga þau þá eftir að gera í framtíðinni.

Með ósk um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Starfsfólk frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjól.



Myndirnar voru teknar á glæsilegum jólamarkaði Frostaskjól.

Gamli hafnargarðurinn við Austurbakka

Einn steinn tekinn í einu

Þessa dagana er unnið að því að flytja gamla hafnargarðinn sem kom í ljós við uppgröft við Austurbakka í Reykjavík. Það er verktakafyrirtækið Landstólpi sem annast verkið og fjarlægja starfsmenn þess einn stein í einu, númera hann og koma fyrir á geymslusvæðið á meðan framkvæmdum við nýbyggingar stendur á Austurbakkanum. Hafnargarðurinn verður síðan reistur aftur en Landstólpi vildi fjarlægja garðinn sem ekki hefur aldur til að teljast til fornminja en er þó hluti af atvinnusögu þjóðarinnar. Ríkið ákvað þá að skyndifriða hann og með því upphófust deilur á milli ríkis og borgar sem endaði með því að Minjastofnun og Landstólpi náðu samkomulagi um að garðurinn fengi að njóta sín á meðal bygginganna sem á að reisa á Austurbakkanum. Ekki er vitað hve margir steinar eru í garðinum, ekki er vitað hve mikill efnisflutningur mun eiga sér stað, það er að segja heildarþyngd garðsins. Þá er ekki vitað hve langan tíma þessi framkvæmd mun taka og mikil óvissa um kostnaðinn.



Umræddur hafnargarður verður tekinn niður, geymdur og settur aftur upp í upprunalegri mynd.



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

|                             |               |
|-----------------------------|---------------|
| 24. desember, Aðfangadagur  | 09.00 - 17.00 |
| 25. desember, Jóladagur     | 12.00 - 17.00 |
| 26. desember, Annar í jolum | 10.00 - 23.30 |
| 31. desember, Gamlársdagur  | 09.00 - 17.00 |
| 1. janúar, nýársdagur       | 13.00 - 17.00 |



# Fólki finnst þægilegt að nota hraðbankana

... segir Katrín Rós Gunnarsdóttir útibússtjóri hjá Arionbanka

Katrín Rós Gunnarsdóttir tók við sem útibússtjóri Vesturbæjarútibús Arionbanka sem staðsett er í húsnæði Hótel Sögu á síðasta vori. Katrín er Seltirningur dóttir Gunnars Þorvaldssonar flugstjóra og Katrínar Pálsdóttur hjúkrunarfræðings. Katrín hóf störf hjá bankanum árið 2005 sem fyrirtæktaráðgjafi í útibúi bankans við Austurstræti. Síðar tók hún við starfi sem sérfræðingur á Viðskiptabankasviði í hinum ýmsu verkefnum fram til ársins 2015 að hún tók við starfi útibússtjóra í Vesturbæ.

Vesturbæjarblaðið leit við hjá Katrínu í bankanum um daginn og grennsaðist fyrir um hvað væru á döfinni hjá nýja útibússtjóranum. "Hér starfa 11 manns og við sinnum bæði einstaklingsþjónustu og þjónustu við fyrirtæki. Eftir áramótin er ætlunin að opna hraðþjónustuhorn og þá gefst viðskiptavinum okkar tækifæri til þess að nýta sér nýja hraðbanka innandyrna allt til klukkan 22.00 á kvöldin. Um bankann má segja að Arion banki er fjárhagslega sterkur banki sem veitir alhliða fjármálaþjónustu og starfa um 850 manns hjá bankanum í höfuðstöðvum og í 23 útibúum víðs vegar um landið. Yngsta útibúið er á Siglufirði en það var opnað í síðasta mánuði. Við erum með allt að 100 þúsund viðskiptamenn sem ýmist leggja leið sína til starfsstöðva okkar eða nýta sér hraðbankaþjónustuna sem alltaf er að aukast. Fólki finnst þægilegt að nota hraðbankana. Það tekur skamman tíma og það losnar við biðraðir sem oft vildu myndast áður en þeir komu til sögunnar. Arion banki býður upp á nýja hraðbanka í öllum útibúum bankans á stór Reykjavíkursvæðinu og í stóru kjarna útibúum bankans út á landi. Þar er meðal annars hægt að leggja inn peninga og taka



Starfsfólk Arionbanka á Melunum gerði sér glaðan dag í tilefni jólasöfnunar KFUM Jól í skókassa. Hér má sjá mannskapinn í jólaskapi.

út að allt að 300 þúsund krónur auk þess að millifæra og greiða greiðsluseðla. Hér er góður starfsandi. Starfsmenn hafa gildi bankans að leiðarljósi í sínum daglegum störfum, láta verkin tala, gera gagn og koma hreint fram. Skemmtilegt dæmi um samheldnina get ég sagt frá því að allir starfsmenn hér á Melunum tóku þátt í Jól í skókassa, sem er verkefni frá KFUM, í nóvember, spiluð var létt jólatónlist, fyrstu smákökur ársins smakkaðar og hrært í heitt súkkulaði með rjóma sem var sannkölluð jólastemning."

Katrín er Gift Páli Þórólfsyni og eiga þau þrjú börn; Aron Dag 18 ára, Gunnar Hrafn 13 ára og Sóleyju Lind sem er 5 ára. Fjölskyldan mín og nánustu vinir eru mér afar dýrmæt og ver ég flestum lausum stundum með þeim. Áhugamálin eru margvísleg; ég stunda sund, göngur og pilates. Ég eyði miklum tíma í íþróttahúsum landsins með sonum mínum, sem báðir eru miklir íþróttamenn, eldri sonur minn spilar handbolta með

meistaraflokki Gróttu en sá yngri æfir bæði handbolta og fótbolta með félaginu. Að lokum má nefna að við fjölskyldan höfum gaman af því að ferðast, jafnt innanlands sem utan.



Margir skókassar voru fylltir fyrir söfnunina, Katrín Rós t.v.

## Jólatilboð á dúnsængum og koddum



**DÚN & FIÐUR**

Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Laugavegi 86 • 101 Reykjavík  
S: 511 2004 • E-mail: [dunogfidur@dunogfidur.is](mailto:dunogfidur@dunogfidur.is)  
[www.dunogfidur.is](http://www.dunogfidur.is)

## HELGIHALD Í HALLGRÍMSKIRKJU

AÐVENTA OG JÓL 2015

**20. desember** 4. sunnud. í aðventu

Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11  
Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju syngur.  
Helgileikur.

**24. desember** Aðfangadagur jóla

Aftansöngur kl. 18 (orgeltónlist frá kl. 17)  
Mótettukórinn syngur ásamt Barna- og unglingakór Hallgrímskirkju.  
Miðnæturguðsþjónusta á jölanótt kl. 23:30 (orgeltónlist frá kl. 23).  
Schola cantorum syngur.

**25. desember** Jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14  
Mótettukórinn syngur.

**26. desember** Annar í jólum

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14  
Mótettukórinn syngur.

**27. desember** Sunnud. milli jóla og nýárs

Messa kl. 11  
Eldri félagar úr Mótettukórnum syngja.  
Ensk messa kl. 14

**31. desember** Gamlársdagur

Hátíðarhljómar kl. 17  
Aftansöngur kl. 18  
Mótettukórinn syngur.

**1. janúar** Nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14  
Mótettukórinn syngur.

**3. janúar** Sunnud. milli nýárs og þrettánda

Messa kl. 11  
Mótettukórinn syngur.



**HALLGRÍMSKIRKJA**  
[www.hallgrimskirkja.is](http://www.hallgrimskirkja.is)



# Bernskuminningar úr Vesturbænum

Unnur Sverrisdóttir lögfræðingur rifjar Vesturbæjarbernskuna upp að þessu sinni. Hún er borin og barnfæddur Reykvíkingur og hefur alið allan sinn aldur í Vesturbænum utan síðustu ára sem hún hefur búið á Snæfellsnesi. Hún er fædd í Reykjavík í árslok 1959 og foreldrar hennar eru Sverrir Ingólfsson löggiltur endurskoðandi og Lillý Svava Snævarr skrifstofustjóri. Ef lengra er farið í ættfræði hennar koma tengsl við hinar ýmsu byggðir í ljós. Afi hennar og amma í föðurætt voru Ingólfur Þorsteinsson bóndi frá Langholti í Flóa og Guðlaug Brynjólfsdóttir frá Skildinganesi í Skerjafirði. Móðurættar megin voru afi hennar og amma Árni Snævarr verkfræðingur og ráðuneytisstjóri ættaður úr Svarfaðardal og Laugey Bjarnadóttir Snævarr snyrtifræðingur og húsmóðir uppalin í Reykjavík. Eiginmaður Unnar var Bergsteinn Georgsson sem er látin fyrir nokkrum árum. Hún segist eiginlega var búin að fara hring í Vesturbænum.

## Verð alltaf Vesturbæingur

Ég er algjör Vesturbæingur. Foreldrar mínir leigðu sér litla íbúð við Hólavallagötu 13. Þar átti ég bernskuheimili mitt fyrstu sex árin en þaðan fluttum við á Reynimelinn nánar tiltekið Reynimen 72 sem er efsta blokkín sem snýr út að Kaplaskjólsveginum. Þaðan færðum við okkur aðeins neðar, niður fyrir Hagamelinn og fluttum á Kaplaskjólsvog nokkurn veginn gegnt KR svæðinu.

A þessum árum var gnægð krakka í þessum hluta Vesturbæjarins. Þetta var nokkru eftir að heilsuspillandi húsin voru rifin og félagsseignarblokkirnar við Meistaravellina eða bæjarblokkirnar eins og þær voru kallaðar voru byggðar. Eftir tíma þar stækkaði fjölskyldan við sig og flutti í Granaskjólíð. Við fórum þannig einn hring á Melunum en vorum alltaf í sama


nærumhverfinu. Föðurforeldrar mínir bjuggu í Granaskjólínu og nú býr yngsta systir mín þar þannig að húsið er að vera einskonar ættaróðal.

**Mjólkurbúðir og kaupmaðurinn á horninu**

Þótt þetta sé ekki langur tími í sögu borgar þá hefur margt breyst frá þeim tíma er við vorum á Reynimelnum. Meistaravellirnir byggðust síðar en Reynimelurinn og blokkirnar austan Kaplaskjólsvegarins og þar var mikið um ungvíði eins og oft í nýbyggðum hverfum. KR svæðið var komið og dró þá rétt eins og nú fjöldi fólks til sín ekki síst þegar kappleikir voru á KR vellinum. Ég held að krakkar hafi leikið sér mikið meira úti á þessum tíma. Alla vegar er það þannig í minni endurminningu. Við vorum mikið úti og fórum



3. S í Hagaskóla 1975, Unnur í neðstu röð önnur frá vinstri.



Unnur ásamt foreldrum sínum.

í gamla, góða og hefðbundna barnaleiki. Á þessum tíma var minni bílaumferð og Hringbrautin ekki orðin sá farartálmi sem hún er í dag þannig að leiksvæði gat teygst sig yfir í gamla Vesturbæinn – upp á Sólvallagötu og jafnvel lengra. Maður fór allra sinna ferða í strætó. Pristurinn fór um Meistaravellina sem alltaf var töluverð umferðargata og er enn en Kaplaskjólsveginum var lokað í efri endann þann sem snýr út að Hringbrautinni fyrir allnokkrum árum og efsti hluti hans gerður að botnlangagötu. Melabúðin var á sínum stað og mig minnir að það hafi verið smíðaverkstæði í bragga sem enn stóð á gamla braggasvæðinu rétt við hana. Eins mátti ekki selja mjólk í venjulegum matvöruverslunum. Mjólkursamsalan rak sínar eigin brauða og mjólkurbúðir til þess að kaupmennirnir græddu ekki á mjólkursölu. Þetta fyrirkomulega viðgekkst lengi og ekki laust við að væri pólitísk lykt af því. Það voru líka litlar verslanir og sjoppur út um allt.

Það var þessi mikla sérgreining í versluninni. Einn seldi þetta og annar hitt og ýmsar reglur voru settar til þess að skorða þetta af.

**Melabúðin og Hjartarkjör**

Kaupmaðurinn á horninu var enn við lýði og um svipað leyti og við fluttum á Kaplaskjólsveginn keypti maður að nafni Hjörtur Magnús Guðmundsson litla verslun sem var í byggingu sem var áföst við blokkina okkar. Þessi bygging mun upphaflega verið ætluð sem funda- eða samkomusalur fyrir blokkina en síðan verðið seld. Hjörtur kom úr Kópavogi og nefndi verslunina Hjartarkjör eftir sjálfum sér eins og títt var í það daga en hún hafði áður heitið Maggabúð eftir fyrri eiganda hennar. Hjörtur var reffilegur maður, glaðlegur og gott að eiga viðskipti við hann enda eignaðist hann marga tryggja viðskiptavinir úr nágrenninu á meðan hann verslaði. Oft stóð hann einn vaktina í versluninni

en stundum var konan hans með honum. Þau voru barnmörg og hún fór að vera meira með honum eftir að börn þeirra voru komin á legg. Einhvern vegin æxlaðist það þannig að Hjartarkjör varð verslunin okkar ásamt Melabúðinni þangað sem oft var farið og við gengum út og inn alla tíð á meðan Hjörtur verslaði. Eftir að hann hætti var rekin sjoppa í verslunarhúsnæðinu en síðan mun verslunarrekstri þar hafa verið hætt. Ég veit ekki hvað er í húsnæðinu núna eða hvort þar er enn einhvern rekstur að finna en þessar smávöruverslanir voru margar börn síns tíma og hurfu af sjónarsviðinu með breyttum verslunarháttum. Þó heyrir ég að fólk er að minnast þessara tíma og er farið að ræða nauðsyn þess að litlar matvörubúðir verði opnaðar í íbúðahverfunum á ný. Svona breytast tímarnir.

**Byrjuðum snemma að passa**

Við vorum mjög mikið í





**Unnur ásamt föður sínu Sverri Ingólfssyni.**

sendiferðum stelpurnar á þessum árum og margar fóru í vist eins og það var kallað til þess að passa börn þegar þær voru ellefu og tólf ára gamlar. Þetta þætti eflaust ekki góður skóla fyrir krakka í dag en mömmur litlu barnanna voru mjög oft heima á þessum tíma. Barnagæsluna gat verið að fara með börnin út í kerru, keyra þau og fara á róluvellina og í sandkassana. Oftast var farið með þau heim í hádeginu til þess að borða og þau minnstu að fá sér miðdegislúr.



**Unnur Sverrisdóttir**  
lögfræðingur.

# Flatmagað í Vesturbæjarlauginni

Vesturbæjarlaugin var á sínum stað á þessum árum og á sumrin þegar veðrið var gott var gjarnan farið þangað með nesti og legið og flatmagað heilu dagana. Ég held að Vesturbæjarlaugin hafi ekki aðeins þjónað hreyfi- og sólbaðspörf heldur einnig hinni félagslegu þörf. Fólk kom ekkert síður til þess að hittast og spjalla saman en að synda þótt það fylgi oftast aðeins með.

## Í Melaskólanum hjá Axel

Ég var í Melaskólanum og var svo heppin að lenda hjá kennara sem hét Axel Kristjánsson. Hann þótti strangur og varð af því sögupersóna bæði hjá Pétri Gunnarssyni og Vilmundi Gylfasyni. Axel var um margt ágætis kennari en hann vildi að krakkarnir skilðu því sem til var ætlast. Hann var ansi glúrinna að fást við krakkana en ég er ekki viss um að aðferðir hans nytu vinsælda í dag eða féllu inn í þá uppeldis- og kennslufræði sem grunnskólar starfa nú eftir. Ef að baki þessu hjá honum var ákveðin góðvild, hann vildi að allir krakkar næðu árangri. Eftir Melaskólann tók Hagaskóli við. Þá fór maður að fá meira af fagkennurum en bekkjarkennslan var minni. Í Hagaskóla kynntist ég nýjum krökkum og hóparnir stokkuðust svolítið upp. Það var svona þessi gagnfræðaskólaflinngur. Mér fannst árin í Hagaskóla góð. Krakkarnir voru að finna sig á nýjum lendum. Allt var að breytast. Við urðum þrjár góðar vinkonur í Hagaskóla og fylgdust þaðan að í Versló sem þá var á Grundarstígnum hinum

megin Kvosarinnar. Þar stýrði dr. Jón Gíslason sem þekktastur var fyrir áhuga á grískri sögu og menningu. Svo fermdist ég í Nes Kirkju hjá séra Jóhanni Hlíðar sem var prestur þar á móti séra Frank M. Halldórssyni.

# Á þriðja áratug á Grandanum

Við Bergsteinn hófum búskapinn í lífilli íbúð á hjónagörðunum við Suðurgötu. Þetta voru íbúðir sem voru hugsaðar sem einstaklingsíbúðir eða fyrir þar en við vorum orðin þrjú vegna þess að ég eignaðist barn meðan stóð á náminu. En við gátum ekki verið þar lengi og keyptum okkar fyrstu íbúð við Flyðrugrandu og síðar Rekagrandu þar sem við bjuggum í um 20 ár. Þetta voru skemmtilegar íbúðir á tveimur hæðum með góðu útsýni. Þegar Bergsteinn féll frá vorum við orðnar tvær í heimili mæðgurnar. Þá fór ég að hugsa mér til hreyfings. Ég hugsaði með mér að það gæti verið gott að breyta til. Komu okkur upp heimili á nýjum stað. Og þá hófst leit að íbúð. Í fyrsti var þó ekki ætlunin að fara úr Vesturbænum. Hvað þá Reykjavík en svo bauðst íbúð út á Nesi. Ég hugsaði með mér að Seltjarnarnes væri ekki svo langt undan. Næsti bær við Vesturbæinn. Mér hefur líkað ágætlega á Nesinu en er þó og verð alltaf Vesturbæingur.



## Aðrir útsöluaðrir:

**Gullbúðin**  
Bankastræti 6  
**Meba / Rhodium**  
Kringlunni og Smáralind  
**Bláa Lónið**  
Svartsengi - Grindavík  
**Your Perfect Day verslun**  
Hilton Nordica, Natura og Marina Hótel

VERÐ AÐEINS:  
**29.900,-**

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Ekki gefa bara  
eitthvað, gefðu frekar  
hvað sem er.



**Með gjafakorti Landsbankans** er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útbúi.





# Óvissa um framtíð Sögusafnsins



Úr húsnæði sögusafnsins í Alliance-húsinu.

Óvissa ríkir um framtíð Sögusafnsins í Reykjavík eftir að borgarráð veitti skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar leyfi til að setja á þriðja tug eigna í söluférlu.

Alliance-húsið við Grandagarð er meðal þessara húsa en borgin keypti það fyrir 340 milljónir króna fyrir þremur árum. Reykjavíkurborg keypti húsið, sem er friðað að ytra byrði fyrir nokkrum árum og leigir það út undir starfsemi sögusafnsins. Safnið var áður í Perlunni en varð að fara þaðan og flutti þá í Alliance-húsið. Safnið er með trygga leigu í tíu ár samkvæmt samningi, en það er ekki langur tími að sögn Ernst Bachman eiganda sögusafnsins sem telur að betra hefði verið að fá meiri fyrirvara og upplýsingar um hvað menn hyggjast fyrir umhverfis húsið.

Áðrar eignir sem Reykjavíkurborg hefur auglýst til sölu eru; Reiðhöllin í Víðidal, þar sem Hestamannafélagið Fákur er með félagsstarf sitt og sýningarhald, Korpúlfsstaðir, þar sem er golfklúbbur, frístundaheimili og listasafn og Holtavegur 11, þar sem félagsmiðstöðin Þróttheimar var áður en nú er það frístundaheimili fyrir Langholtsskóla. Þá á einnig að selja nokkur bílastæðahús, það stærsta er Stjörnuport við Laugaveg. Þarna eru einnig minna þekktar byggingar, eins og leikskólinn Sjónarhóll í Grafarvogi, en þar var starfsemi hætt í haust. Hver sala fyrir sig verður lögð sérstaklega fyrir borgarráð og er áætlað að það verði gert fyrir miðjan febrúar.



Frá jólasamsöng í Vesturbæjarskóla.

## Jólasamsöngur í Vesturbæjarskóla

Eftir var til sérstaks jólasamsöngs í Vesturbæjarskóla fimmtudaginn 3. desember og aftur 9. desember.

Fjórti og síðasti jólasamsöngurinn verður fimmtudaginn 17. desember. Ingunn Huld tónmenntakennari stjórnaði öðrum jólasamsöngnum á aðventu. Jólasöngurinn er sérstakur viðburður í skólalífinu í Vesturbæjarskóla.



# Gjafir sem gefa!



Íslenska  
**FLOTHETTAN!**

Nú með nýju mynstri  
eftir Sigga Eggertsson.

Án efa notalegasta  
jólagingin!



Ekkert toppar  
**MANDUKA!**

Manduka PRO og eKO  
jógadýnur í mörgum litum  
og stærðum.

Einnig jógahandklæði,  
-púðar, -kubbar, -töskur,  
-bönd ofl. fylgihlutir.



LÍFRÆNN & SMART

Eigum nú með nýju sniði:  
Buxur  
Boli  
Toppa  
Samfestinga



## Nærandi MÖNTRUARMBÖND!

Einföld & elegant.

Silfruð, gyllt og rósagull.

Á konur & karlmenn,  
vini & vandamenn.

Mest gefandi  
jólagingin.

**SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI**  
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.  
[www.facebook.com/Systrasamlagid](http://www.facebook.com/Systrasamlagid)  
Sími: 511 6367

**AFGREIÐSLUTÍMI:**

Virkir dagar 8:30 - 18  
Laugardagar 10 - 16  
Ópið sun 20. des frá 12-17 • Þorláksmessu til 19.00



# VIÐ ERUM SVARTIR, VIÐ ERUM HVÍTIR



## OG Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM UM ÁRAMÓTIN.

Ágætu Vesturbæingar

Stöndum saman allir sem einn og  
látum ljós okkar skína svo um munar um áramótin!

Flugeldasalan hefst í KR-heimilinu 28. desember.



# Enn deilt um lokanir

Enn er deilt um lokun neðri hluta Laugavegar fyrir bílaumferð. Hluti kaupmanna virðast taka lokuninni illa og telja að hún þýði minni viðskipti á Laugaveginum komist fólk ekki á bílum upp á búðardyrum. Tekin var ákvörðun í síðasta mánuði um að loka skyldi fyrir bílaumferð á Laugavegi allar helgar í desember og alla daga frá 18. desember til aðfangadags.

Er þetta gert til að auðvelda fótgangandi gestum að versla í miðbænum yfir hátíðirnar enda margt um manninn á þessum árstíma. Ljóst er að þessi ákvörðun hefur farið illa í einhverja kaupmenn við Laugaveg sem tóku upp á því að fara sjálfir út með verkfæri og opna hliðin í trássi við samþykkt borgaryfirvalda. Þetta tengist ekki sumarlokun gatna í miðborginni sem samkvæmt könnunum ríkir almenn ánægja með þótt skoðanir séu eitthvað skiptar heldur er hugmyndin sú að auka rými fyrir gangandi vegfarendur í miðborginni við jólainnkaupin.



## Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

### 20. des. - fjórði sunnudagur í aðventu

Messa og barnastarf kl. 11.00.

Sameiginlegt upphaf. Stúllknakór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Sigurvin L. Jónsson. Unglingar úr NeDó, æskulýðsfélagi Neskirkju, aðstoða.

Söngur, sögur og gleði í barnastarfinu.

Umsjón Katrín, Oddur og Ari. Kaffisopi á Torginu.

### 24. des. - aðfangadagur

Jólastund barnanna kl. 16.00.

Barna- og Stúllknakór Neskirkju syngja. Stjórnendur Jóhanna Halldórsdóttir og Steingrímur Þórhallsson organisti. Umsjón með stundinni hafa starfsmenn barnastarfsins. Prestur Skúli S. Ólafsson.

Aftansöngur kl. 18.00.

Hátíðarsöngvar sungnir. Trompet Steinar Kristinsson. Einsöngur Hallveig Rúnarsdóttir. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Skúli S. Ólafsson.

Sálmásöngvar á jólanótt kl. 23.30.

Háskólakórinn syngur jólasálma. Vonartextar Biblíunnar lesnir. Organisti Gunnsteinn Ólafsson. Prestur Sigurvin L. Jónsson.

### 25. des. - jóladagur

Hátíðarmessa kl. 14.00.

Hátíðarsöngvar sungnir. Kór Neskirkju og Drengjakór Reykjavíkur syngja. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Sigurvin L. Jónsson.

### 26. des. - annar í jólum

Jólaskemmtun barnastarfsins kl. 11.00.

Sögð verður saga og söngvar sungnir. Gengið verður í kringum jólatré og gestir koma í heimsókn.

Hátíðarguðspjónusta kl. 14.00.

Hljómur, kór eldri borgara í Neskirkju, syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Skúli S. Ólafsson. Eftir guðspjónustu verður hátíðarkaffi á Torginu.

### 28. des. - sunnudagur

Messa og barnastarf kl. 11.00.

Sameiginlegt upphaf. Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Skúli S. Ólafsson. Söngur, sögur og gleði í barnastarfinu. Umsjón Katrín Oddur og Ari. Samfélag og kaffisopi á Torginu eftir messu.

### 31. des. - gamlárskvöld

Aftansöngur kl. 18.00.

Hátíðarsöngvar sungnir. Trompet Baldvin Oddsson. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Skúli S. Ólafsson.

### 1. jan. - nýársdagur

Hátíðarmessa kl. 14.00.

Hátíðarsöngvar sungnir. Einsöngur Fjölur Ólafsson. Kór Neskirkju syngur. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Sigurvin L. Jónsson.

### 3. jan. - sunnudagur

Messa og barnastarf kl. 11.00.

Sameiginlegt upphaf.

Félagar úr Félagar úr Kór Neskirkju leiða safnaðarsöng. Organisti Steingrímur Þórhallsson. Prestur Sigurvin L. Jónsson.

Söngur, sögur og gleði í barnastarfinu.

Umsjón Andrea, Katrín, Oddur, og Ari. Samfélag og kaffisopi á Torginu.

## Landakotsskóli:

# Útiföndur hjá litlu krökkunum

Nemendur og kennarar í 1. og 2. bekk Landakotsskóla létu leiðinlegt verður ekki aftra sér fóru út í jólaföndur mánudaginn 7. desember sl. Meðferðis var föndurefni og heitur safi til að hlýja sér.



Krakkarnir í fyrsti tveimur bekkjunum í Landakotsskóla áttu ánægjulega stund í snjónum á dögnum.



## Aðventu- og hátíðarmessur í Dómkirkjunni



**Dómkirkjan óskar sóknarbörnum sínum og landsmönnum öllum gleðiríkra jóla og Guðs blessunar á nýju ári. með þakklæti fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.**

### Fjórða sunnudagur í aðventu, 20. desember

Boðið er til Jólasöngva fjölskyldunnar kl. 11.

Þar gefst tækifæri að syngja saman aðventu

og jólasálma, rifja upp gamla og læra nýja.

Barnakórinn Graduale futuri syngur undir stjórn

Rósu Jóhannesdóttir. Á milli verða lesin ljóð og

ritningartextar. Karl Sigurbjörnsson, biskup.

Barnastarf hjá Óla Jóni og Sigga Jóni.

Kolaportsmessa kl. 14:00.

Æðruleysismessa kl. 20:00.

### Aðfangadagur jóla, 24. desember

Dönsk messa kl. 15,

séra María Ágústsdóttir prédikar,

Bergþór Pálsson syngur.

Aftansöngur kl. 18,

séra Hjálmar Jónsson prédikar og

séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.

Miðnæturmessa kl. 23:30,

sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup prédikar

Hamrahlíðarkórinn syngur undir

stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur.

### Jóladagur, 25. desember

Hátíðarmessa kl. 11:00,

biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir prédikar

og séra Sveinn Valgeirsson þjónar fyrir altari.

### Annar dagur jóla, 26. desember

Messa kl. 11:00,

Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar.

### Sunnudagur milli jóla og nýárs, 27. desember

Messa kl. 11:00,

sr. Hjálmar Jónsson predikar.

### Gamlársdagur, 31. desember

Aftansöngur kl. 18:00,

sr. Sveinn Valgeirsson prédikar

og sr. Hjálmar Jónsson þjónar.

### Nýársdagur, 1. janúar

Hátíðarmessa kl. 11:00,

biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar.

Séra Hjálmar Jónsson og

séra Sveinn Valgeirsson þjóna fyrir altari.

### 3. janúar

Messa kl. 11,

Karl Sigurbjörnsson, biskup prédikar

og þjónar fyrir altari.

Dómkórinn syngur við messurnar og

organisti er Kári Þormar.

Fjölbreyttir tónleikar á aðventunni,

meðal annars jólatónleikar

Dómkórsins 21. desember kl. 22.00 frítt inn.

**Sjá nánar á domkirkjan.is**

*Hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.*

## Eru tryggingarnar þínar í lagi?



**Kristinn Rúnar Kjartansson**

kristinnk@vis.is

Sími 560 5155 | GSM 820 0762

Byð faglega tryggingaráðgjöf og tilboð í tryggingar fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Það er mikilvægt að tryggingarnar séu í takt við þarfir þínar eða fyrirtækis þíns hverju sinni.

Hafðu samband og ég fer yfir málin með þér.

**VÍS – þar sem tryggingar snúast um fólk**



# Samkeppni um listaverk á ljóshjúp Hörpu

Höfuðborgarstofa, Harpa - tónlistarhús & Studio Olafur Eliasson leita nú eftir tillögum að gagnvirku listaverki sem nýtir sér ljóshjúp Hörpu með frumlegum hætti. Eitt verk verður valið og frumsýnt á Vetrarhátíð í Reykjavík dagana 4. til 7. febrúar 2016. Verðlaunaféð er 200.000 kr.

Alls eru 714 ljós í glerhjúp Hörpu, 486 ljós eru í austurhúsi og 228 í vesturhúsi. Sigurtillagan mun njóta ráðgjafar starfsmanna Hörpu og margmiðlunarforritarans Owen Hindley um

nánari útfærslu og tæknilega framkvæmd. Samkeppnin er opin öllum sem vinna með ljós eða list í einhverju formi. Umsóknarfrestur er til og með 23. desember 2015. Samkeppnin er opin öllum, þar á meðal hönnuðum, arkitektum, myndlistarmönnum, tónlistarmönnum, ljósamönnum, rafmagnsverkfræðingum, forriturum eða öðrum þeim sem vinna með ljós, gagnvirkni og/eða list í einhverju formi. Hvatt er til samstarfs milli ólíkra aðila og/eða listgreina. Miðað er við að höfundur/höfundar tillögu sem



Með nýju gagnvirku listaverki á ljóshjúp Hörpu.

dómnefnd velur til útfærslu verði ráðinn til verksins.

## Sögulegur tími

... eftir séra Skúla Ólafsson

Á aðventu og jólum segjum við sögur. Það liggur einhvern veginn í loftinu um þetta leyti að frásagnir af ýmsum toga, endurminningar, skáldskapur og hugleiðingar verða fyrirferðarmikil í umhverfi okkar. Taktur hátíðarinnar hefst gjarnan með sögum. Nýjar bækur koma út og sumar þeirra geyma svo mergjaðar sögur að þær fanga athygli okkar. Þær verða ísbrjótur þegar fólk kemur saman og hefur jafnvel á þeim ýmsar skoðanir. Svo þegar líður á mánuðinn verða þær æ fleiri, ekki bara þessar sögur sem jólabækurnar geyma, heldur líka litlu vinjettur sem fjölskyldur og vinir eiga saman og rifja upp þegar fólk hittist í jólaboðum.



Séra Skúli Ólafsson prestur í Neskirkju.

Já, sumar stundir eru sögulegar. Þá varð til einhver þráður sem vert er að rifja upp löngu síðar. Honum fylgir aðdragandi þar sem persónur eru kynntar til leiks, stígandi með þeim atburðum eru í uppsiglingu, ris þegar sjálf tíðindin eiga sér stað og loks fylgir góðum sögum einhver lending, niðurstaða og jafnvel lærdómur. Í hverjum hópi eru sögumenn sem taka að sér að flytja þessar endurteknu frásagnir og þær geta skipað stóran sess í sjálfsmynd hópsins. Þegar þær deyjja, þá er það til marks um að los er komið á samfélagið. Vel má raunar vera að ástæða þess að fólkið hætti að hittast sé sú, að sögurnar smám saman þögnuðu og taugin slitnaði sem tengdi fólk hvert við annað.

Fýrr á þessu ári hóf ég þjónustu við Neskirkju hér í Vesturbænum. Þar hafa orðið til margar sögur og samstarfsfólk mitt hefur deilt þeim með mér. Sumar lýsa afrekum, aðrar eru grátbroslegar enn aðrar hafa jafnvel þann lúmska tilgang að ala „nýja prestinn“ svolítið upp! Slíkt er viðbúið þegar menn hefja störf í grónu umhverfi. Að sama skapi er ekki til betri leið til að bjóða fólk velkomið en að opna því gáttir að sagnakistu samfélagsins. Þar býr jú sálin í hverjum hópi.

# Hard Rock Cafe í miðbæinn?

Kemur Hard Rock Cafe í miðbæinn í sumar? Þetta er spurning sem menn eru farnir að velja fyrir sér. Forsvarsmenn veitingakeðjunnar munu hafa komist að samkomulagi við Birgi Þór Bieltvedt sem er einn eigenda Domino's um opnun nýs veitingastaðar hér á landi.

Tómas Tómasson, sem er í dag þekktur sem Tommi á Búllunni, opnaði Hard Rock í Kringlunni árið 1987. Gaumur hf, eignarhaldsfélag Bónus-feðga, keypti svo staðinn árið 1999 og rak hann þar til honum var lokað í maí 2005. Síðan hefur Hard Rock ekki starfa á Íslandi. Ekki liggur fyrir hvar hugsanlegur Hard Rock Cafe staður muni opna en



Sérstakar innréttingar einkenna Hard Rock Cafe.

Miðbæjarsvæðið er sérstaklega til skoðunar í því efni. Hard Rock Cafe var upphaflega stofnað af Isaac Tigrett og Peter Morton í London 1971.



ANTONBERGUR

GLEÐILEGA HÁTÍÐ  
TAKK FYRIR GÓÐAR STUNDIR Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

Við lokum Grillinu 20.- 28. desember en höfum opið dagana 29. og 30. desember. Grillið verður lokað yfir áramótin. Við tökum vel á móti ykkur á nýju ári og opnum aftur 2. janúar 2016.





Matarbúrið hefur opnað  
sérverslun með nautakjöt  
á Grandagarði 29

Grasfóðrað nautakjöt,  
Velferðarkjúklingur,  
Lambakjöt úr sjálfbærri  
sauðfjárrækt, kanína ofl. í boði.

Opið þriðjudaga til föstudaga frá kl.11-18.  
Laugardaga frá kl.12-17.



# Vesturbæjarblaðið

Óskum Vesturbæingum gleðilegra jóla  
og farsældar á komandi ári!

## Skautasvell og jólamarkaður á Ingólfstorgi

Skautasvell er á Ingólfstorgi á aðventunni og verður það til staðar fram á Þorláksmessu 23. desember. Frítt verður inn og verður hægt að leigja skauta og svokallaðar skautagrindur til þess að aðstoða minnstu krakkana.

Það er fyrirtækið Nova sem stendur fyrir skautasvellinu en umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar tók mjög vel í þessa hugmynd þegar hún kom til sögunnar. Hluti Ingólfstorgs verður skautasvell og á hluta þess er jólamarkaður þar sem hægt er að kaupa veitingar og ýmskonar jólavarning. Skautasvellið er um 400 fermetrar en þetta er ekki í fyrsta sinn sem skautasvell er sett upp á aðventunni, það var fyrst gert árið 2006. Undanfarin ár hefur Ingólfstorg verið undirlagt jólamarkaði á aðventunni sem verður nú minni en venjulega svo skapa megi pláss fyrir skautasvellið.



6. JANÚAR 2016  
KR-HEIMILIÐ Í FROSTASKJÓLI  
KL. 18:00

# ÞRETTÁNDAHÁTÍÐ

KVEIKT  
Í BRENNUNNI  
KL. 18:30



BJÓSSI GREIFI  
SPILAR OG SYNGUR  
VIÐ KR-HEIMILIÐ

RISA  
FLUGELDASÝNING  
Í SAMSTARFI VIÐ KR-FLUGELDA  
KL. 18:45

HÁTÍÐIN HEFST KL. 18.00 VIÐ KR-HEIMILIÐ - ÞAR VERÐA SUNGIN NOKKUR LÖG  
OG SÍÐAN GENGIÐ MEÐ BLYS AÐ BRENNUNNI Á ÆGISÍÐU

FORELDRAFÉLÖG GRUNNSKÓLA VESTURBÆJAR OG ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ VESTURBÆJAR

Styrktar- og samstarfsaðilar



HEITUR MATUR  
Í HÁDEGINU  
OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ  
*eda*  
BORÐAÐU Á STAÐNUM

*flvöru matur*

Coca-Cola

„Ég er löggiltur fasteignasali  
og hef starfað við sölu fasteigna  
samfleytt frá árinu 1997“.

[www.frittsoluverdmat.is](http://www.frittsoluverdmat.is)

ANDRI SIGURÐSSON  
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



LIND  
FASTEIGNASALA



# KR sigraði ÍA í æfingaleik

KR lék æfingaleik við ÍA nýlega í Egilshöll. Indriði Sigurðsson lék í fyrsta skipti í langan tíma með liði KR. Byrjunarlið KR var þannig skipað (3-5-2) Sindri, Indriði, Gunnar Þór, Aron, Skúli, Ástbjörn, Almarr, Óskar, Pálmi, Gary og Hólmbert.

KR vann leikinn 1-0 og mark KR gerði Óliver Thorlacius á 85 mín. eftir laglega sendingu frá Guðmundi Andra Tryggvasyni. Leikurinn var mjög opinn og fengu bæði lið urmul færa. KR ingar vorum þó betri og fengum fleiri opin færi, markmenn beggja liða áttu frábæran leik.



Óliver lengst til hægri á myndinni skoraði laglegt mark.

# Hannes sigraði í eldri flokki karla

Hannes Guðrúnarson sigraði í eldri flokki karla og Ingi Brjánsson í 2. flokki karla á Nings stigamóti Víkings í Borðtennis, sem fram fór laugardaginn 5. desember í TBR-húsinu í Laugardal. Leikið var í 1. og 2. flokki karla og kvenna og í eldri flokki karla.

Hannes Guðrúnarson sigraði í fyrsta skipti í eldri flokki karla, en þar hafa keppnisrétt karlar 40 ára og eldri. Hann vann Pétur Stephensen úr Víkingi í úrslitum. Ingi Brjánsson, sem er 13 ára, vann sitt fyrsta mót í 2. flokki karla þegar hann sigraði félagi sinn úr KR, Ellert Kristján Georgsson í úrslitaleik. Ellert fékk annað silfur þegar hann tapaði í úrslitum í 1. flokki karla fyrir Ísak Indriða Unnarssyni úr Víkingi. Guðmundur Örn Halldórsson varð í 3. sæti. Hrafnhildur Ásta



Verðlaunahafar í 1. flokki karla, f.v. Guðmundur Örn Halldórsson, Ísak Indriði Unnarsson og Ellert Kristján Georgsson.

Þorvaldsdóttir varð í 3. sæti bæði var eina KR-konan sem tók þátt í 1. og 2. flokki kvenna, en hún í mótinu.

KR-SÍÐAN



# Þórir skoraði 41 stig

Hinn 17 ára gamli Þórir Guðmundur Þorbjarnarson skoraði 41 stig fyrir Íslandsmeistara KR þegar liðið rót-burstaði b-lið Hauka 139:67 í 16-liða úrslitum Powerade-bikarsins í körfubolta á dögnum.

Var hann langstigahæstur á vellinum, stigahæstir hjá KR ásamt Þórir voru Arnór Hermannsson 22 stig, Vilhjálmur Kári Jenson 21 stig, Snorri Hrafnkels-son 18 stig, Björn Kristjánsson 13 stig, Darri Hilmarsson 12 stig.

KR mætir Njarðvík í stórleik í 8-liða úrslitum.

Í Dominos-deildinni er KR í efsta sæti með með 16 stig eftir



Þórir G. Þorbjarnarson.

10 umferðir og næsti leikur KR verður á fimmtudagskvöldið 17. des kl. 19:15 þegar ÍR-ingar koma í heimsókn í DHL-höllina



Sími: 588 9705  
www.skautaholl.is

#### Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.  
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga  
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga  
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga  
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags  
10:00 til 15:00.



GETRAUNANÚMER  
KR ER 107



www.kr.is



Laugarnar í Reykjavík

SKELTU ÞÉR Í  
JÓLASUND

AFGREIÐSLUTÍMI  
SUNDSTAÐA UM JÓL  
OG ÁRAMÓT MÁ FINNA Á

ITR.IS

Simi: 411 5000 • www.itr.is

# Þú færð KR-vörurnar hjá okkur!

*Óskum KR-ingum og öllum  
Vesturbæingum gleðilegra jóla.*

# Jói útherji

www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108  
S: 588 1560



# Allar jólagjafirnar á einum stað

*Ekki þvoelast um bæinn  
þveran í leit að jólagjöfum.  
Verslaðu heima í héraði  
á hagstæðu verði.*



Í Bóksölu stúdenta á Háskólatorgi finnur þú meira en þig grunar. Njóttu þess að vera í notalegu umhverfi, fáðu þér kaffi og köku í Bókakaffi stúdenta, kíktu á nýjustu bækurnar og skoðaðu allar skemmtilegu gjafavörurnar í Kaupfélagi stúdenta.



## bóksala stúdenta

Viskubrunnur við Vatnsmýrina

Háskólatorgi - [www.boksala.is](http://www.boksala.is) - [www.facebook.com/boksala](https://www.facebook.com/boksala)